

## 10. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára Björk Sigurðardóttir

**Markmið:**

- Getur lesið texta við hæfi með góðum hraða a.m.k. 145 orð á mínútu.
- Getur flutt mál sitt skýrt, tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökraðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstutt þær.
- Getur nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.
- Á góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.
- Getur greint aðalatriði í texta og lesið með viðunandi skilningi og á gagnrýninn hátt.
- Hefur þjálfast í að bera saman mismunandi texta.
- Hefur kynnst heimi Íslendingasagna með því að lesa eða ræða um Íslendingasögur.
- Gerir sér grein fyrir hugtökunum laust mál og bundið, hefðbundið og óhefðbundið ljóð og getur fjallað um form og byggingu ljóða með viðeigandi hugtökum.
- Hefur lært að umgangast heimildir og geri skýran greinarmun á milli eigin hugmynda og annarra í umfjöllun um bókmenntaverk.
- Kannast við allar stafsetningarreglur og reglur um greinarmerkjasetningu og getur stafsett rétt almennan texta.
- Getur nýtt sér hjálpargögn við réttitun.
- Beitir skipulegum vinnubrögðum við ritun og getur skipað efnisatriðum í röklegt samhengi.
- Getur skrifað mismunandi textagerðir með fjölbreyttum orðaforða og málsniði við hæfi.
- Getur valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá.
- Getur beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.
- Áttar sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka.
- Getur nýtt sér hjálpargögn til að greina málfræðiupplýsingar sem þar er að finna.
- Gerir sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði.
- Gerir sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli og ábyrgð sinni við að bæta mál sitt.
- Getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

**Kennsluáðferðir/vinnulag:**

- Einstaklingsvinna, para- og hópavinna.
- Unnið eftir vikuáætlunum.
- Leiðsagnarnám.

**Námsmat:**

- Lesfimi í september, janúar og maí, lesfimiviðmið við lok 10. bekkjar eru 145 orð/mín.
- Símat, kannanir og próf.
- Leiðsagnarmat.
- Virkni og vinnubrögð í tímum.

**Námsgögn:**

- Málið í mark – Fallorð
- Gullvör
- Neistar
- Útbrot
- Ritunarbókin
- Námsvefir og ýmis gögn frá kennara